



Fjármálaleikar er keppni í fjármálalæsi milli grunnskóla sem fer fram dagana **9. – 16. mars 2026**. Nemendur á unglingastigi fá þá tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum spurningum um fjármál og keppa í nafni síns skóla, en sá skóli sigrar sem fær hlutfallslega flest stig. Um er að ræða gagnvirkan leik sem spilaður er á vefslóðinni fjarmalaleikar.is.

Uppbygging og gangur leiksins

Leikurinn er byggður á 4 efnissviðum sem taka mið af ramma OECD í fjármálafræðslu þar sem þátttakendur takast á við 12 spurningar í hverju þeirra, samtals 48 spurningar:

- Ég
- Heimilið
- Nám og atvinna
- Samfélagið

Framvindan er á þann veg að þátttakandi klárar fyrst allar spurningar í einu efnissviði áður en hann fer í það næsta. Stig fást fyrir hvert rétt svar, en fjórar tilraunir eru gefnar fyrir hverja spurningu og fást þá 100 stig fyrir að svara rétt í fyrstu tilraun, 75 stig fyrir að svara rétt í annarri tilraun, 50 stig fyrir að svara rétt í þriðju tilraun og 25 stig fyrir að svara rétt í þeirri fjórðu. Geti þátttakandi ekki svarað spurningu rétt í fjórðu tilraun fer hann á næstu spurningu án þess að fá stig.

Þátttaka

Hver þátttakandi skráir sig til leiks á vefslóðinni Fjarmalaleikar.is. Við skráningu gefur þátttakandi upp nafn, aldur, netfang og heiti skóla og þar með er viðkomandi skóli orðinn þátttakandi í leiknum.

Ekki þurfa allir nemendur í árgangi að skrá þátttöku til að viðkomandi skóli teljist með, en lágmarksfjöldi skráðra þátttakenda úr hverjum skóla er tíu.

Sérstakur hnappur er fyrir kennara sem vilja fylgjast með gangi leikanna – þeir skrá sig þá til leiks í „Kennaraskólann“. Kennarinn þarf ekki að klára leik eða svara spurningum, frekar en hann vill.

Þátttakendur geta spilað hvenær sem er á tímabilinu, tekið hlé á spilun og byrjað aftur þar sem frá var horfið. Hér skiptir hópeflið máli, að vera ekki fljótfær og að klára allar spurningar.

Á meðan á leik stendur sjá þátttakendur hvaða skólar keppa um efstu sætin. Þegar leikurinn klárast á miðnætti síðasta leikdags verður lokað fyrir frekari spilun og farið í það að sannreyna að skráðir þátttakendur séu allir í þeim skólum sem þeir skrá sig til leiks fyrir og óæskilegir þátttakendur hreinsaðir út ef þeir eru.

Þetta getur breytt upphaflegum úrslitum og verða þau því ekki endanlega ljós fyrr en einum til tveimur dögum síðar.

Niðurstöður

Árangur hvers skóla er reiknaður hlutfallslega miðað við fjölda þátttakenda og fjölda nemenda í árganginum. Niðurstöður eru eingöngu teknar saman hjá þeim nemendum sem klára að svara öllum spurningunum auk þess sem ákveðið prósentuhlutfall neðstu sæta í hverjum skóla eru ekki tekin með í útreikning á niðurstöðum til að koma í veg fyrir að einstaka keppandi dragi heildina niður.

Til mikils að vinna

Peningaverðlaun

Sigurskólinn fær titilinn Íslandsmeistari grunnskóla í fjármálalæsi auk þess sem efstu þrír skólar fá peningaverðlaun.

Tveir þátttakendur af þeim sem klára allan leikinn verða dregnir úr potti og fá hvor um sig peningaverðlaun.

Evrópukeppni í fjármálalæsi í Brussel

Sigurskóli Fjármálaleikanna fær einnig að senda tvo nemendur til Brussel ásamt kennara til að taka þátt í úrslitum Evrópukeppninnar sem er árleg keppni í fjármálalæsi milli grunnskóla í Evrópu **18. – 19. maí næstkomandi**. Evrópsku bankasamtökin standa að keppninni og eru fulltrúar um þrjátíu Evrópulanda sem taka þátt.

Fræðslustefna Fjármálavits

Samtök fyrirtækja í fjármálaþjónustu reka verkefnið Fjármálavit með stuðningi Landsamtaka lífeyrissjóða. Í tengslum við verkefnið er unnið með ákveðnar persónuupplýsingar af hálfu samtakanna og er þeirri vinnslu lýst í þessari stefnu.

Með persónuupplýsingum er átt við upplýsingar um þig, t.d. nafnið þitt og myndir af þér.

Fjármálaleikar

Árlega stendur Fjármálavit fyrir fjármálaleikum þar sem unglingar keppa fyrir hönd síns grunnskóla í fjármálalæsi.

Hvaða upplýsingar er unnið með um þig og í hvaða tilgangi?

Til þess að taka þátt í fjármálaleikunum þurfa **keppendur** að skrá sig inn á vefsíðunni www.fjarmalaleikar.is og gefa upp nafn sitt, aldur, netfang og nafn skóla. Auk þessara upplýsinga vinna samtökin með upplýsingar um stigafjölda keppanda í leikunum.

Þegar leikunum er lokið reikna samtökin stigafjölda hvers skóla fyrir sig á grundvelli stigafjölda keppenda. Þá draga samtökin jafnframt út keppendur sem fá afhent þátttökuverðlaun.

Þessi vinnsla er nauðsynleg svo samtökin geti haldið keppnina og keppendur geti tekið þátt fyrir hönd síns skóla. Milli keppanda og samtakanna er þannig gerður eins konar samningur og á grundvelli hans er unnið með upplýsingar keppanda.

Sá skóli sem sigrar getur gefið tveimur nemendum tækifæri til að taka þátt í úrslitum Evrópukeppninnar í fjármálalæsi í Brussel ásamt kennara. Samtökunum kann að vera nauðsynlegt að vinna með viðbótarupplýsingar um þá aðila en um þá vinnslu er gerður sérstakur samningur.

Þegar fjármálaleikarnir eru búnir er ekki bara spennandi að skoða hvaða skóli stóð sig best heldur er líka áhugavert að skoða hvort skólar í einstökum landshlutum hafi staðið sig betur en aðrir, hvort strákar eða stelpur stóðu sig betur og aðrar sambærilegar upplýsingar. Samtökin vinna þannig líka svona tölfræðiupplýsingar en þær er ekki hægt að tengja við einstaka keppendur.

Um afhendingu á upplýsingunum þínum.

Samtökin afhenda ekki neinum óviðkomandi upplýsingar um þig. Foreldrar þínir eða forráðamenn geta þó óskað eftir þeim upplýsingum sem við vinnum um þig og verða samtökin að verða við slíkri beiðni.

Stjórnvöld og dómstólar geta einnig óskað eftir þeim upplýsingum sem samtökin vinna.

Samtökin afhenda ekki skólanum þínum eða öðrum niðurstöður um frammistöðu þína í leikunum nema að þú samþykkir það sérstaklega. Að öðru leyti afhenda samtökin aðeins upplýsingar um heildarframmistöðu hvers skóla og tölfræðiupplýsingar. Til þess að geta sannreynt hvaða nemendur tilheyra hvaða skóla afhenda samtökin hverjum skóla þó lista yfir nöfn þeirra keppanda sem keppt hafa fyrir hönd skólans.

Til þess að geta haldið fjármálaleikana fá samtökin tæknilega aðstoð frá utanaðkomandi aðila auk þess sem gagnagrunnur samtakanna er geymdur (hýstur) hjá tölvuþjónustufyrirtæki.

Samtökin hafa gert sérstaka samninga við þessa aðila þar sem öryggi upplýsinganna er tryggt og trúnaður þeirra.

Hvað geymum við upplýsingarnar lengi?

Samtökin geyma upplýsingar þínar í 6 mánuði eftir að leikunum er lokið. Þá er persónuupplýsingunum eytt og aðeins unnið með heildarstigafjölda hvers skóla og tölfræðiupplýsingar.

Myndatökur

Samtökin hafa stundum óskað eftir því að fá að taka myndir af nemendum til að birta á vefsíðu sinni, í kynningum og á samfélagsmiðlum og taka ekki myndir né birta þær nema að hafa fengið samþykki frá nemendum og eftir atvikum forráðamönnum þeirra.

Ef einhver vill draga samþykki sem hann hefur gefið okkur til baka getur sá hinn sami hvenær sem er haft samband við samtökin og óskað eftir að láta fjarlægja myndefni.

Vilt þú vita meira?

Þú átt ákveðin réttindi og getur stjórnað þínum upplýsingum

Þú getur hvenær sem er sent okkur fyrirspurn og óskað eftir:

- að við útskýrum betur fyrir þér hvernig við vinnum með upplýsingarnar þínar,
- að við látum þig eða annan aðila sem þú tilnefnir fá afrit af upplýsingunum þínum,
- að við breytum upplýsingum um þig eða leiðréttum séu þær rangar eða ófullnægjandi,
- að við eyðum upplýsingunum þínum, og/eða
- að afturkalla samþykki sem þú hefur veitt okkur

Samtökin halda vel utan um upplýsingarnar þínar og passa að enginn óviðkomandi fái aðgang að þeim. Ef eitthvað fer úrskeiðis munum við láta þig vita.

Um okkur og hvernig þú getur haft samband.

Ef þú hefur einhverjar spurningar hvetjum við þig til að hafa samband við okkur í gegnum netfangið fjarmalavit@fjarmalavit.is eða með því að hringja í okkur í síma 591 0400.

Samtökin hafa aðsetur í Húsi atvinnulífsins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Þú getur líka haft samband við Persónuvernd sem fer með eftirlit með vinnslu allra fyrirtækja og stofnana á persónuupplýsingum ef þú ert ósátt/ur við vinnslu samtakanna á upplýsingum þínum. Þú getur fundið nánari upplýsingar um Persónuvernd inn á vefsíðunni www.personuvernd.is eða hringt í síma 5109600.

